

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu, stofngjald og heimæðargjald í Vesturbyggð.

1. gr.

Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í Vesturbyggð sem tengdar eru vatnsveitu Vesturbyggðar, ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,45% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða og 0,50% af fasteignamati allra annarra fasteigna og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 47/2000, með síðari breytingum.

3. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

4. gr.

Notkunargjald.

Notkunargjald (aukavatnsgjald) er 17,48 kr./m³ miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 130,2 stig og breytist hverju sinni til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

5. gr.

Mælaleiga.

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári</i>
að 20 mm	7.664 kr.
20-24 mm	10.159 kr.
25-31 mm	12.798 kr.
32-39 mm	15.303 kr.
40-49 mm	20.450 kr.
50-74 mm	61.482 kr.
75-99 mm	66.627 kr.
100 mm og stærri	71.772 kr.

Mælaleiga er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 130,2 stig og breytist hverju sinni til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

6. gr.

Stofngjald.

Stofngjald vatnsveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengjast vatnsveitu í eigu Vesturbyggðar. Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir á hverja tengingu:

<i>Tegund byggingar</i>	<i>Grunngjald</i>	<i>m³-gjald</i>	<i>Athugasemd</i>
A. Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta	68.447 kr.	46 kr.	af umfram 400 m ³
B. Iðnaðar-, atvinnu- og annað húsnæði	91.262 kr.	46 kr.	af umfram 400 m ³

7. gr.

Heimæðargjald.

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Utanmál</i>	<i>Inntaksgjald</i>	<i>Yfirlengd</i>
32 mm	275.052 kr.	5.885 kr.
40 mm	357.170 kr.	6.703 kr.
50 mm	481.700 kr.	7.529 kr.
63 mm	676.014 kr.	9.309 kr.
75 mm	945.590 kr.	12.997 kr.
90 mm	1.144.036 kr.	20.528 kr.
100 mm	1.350.642 kr.	23.615 kr.
110 mm	1.576.776 kr.	31.530 kr.

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 25 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæðar 110 mm og víðari greiðast samkvæmt reikningi. Heimæðargjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 130,2 stig og breytist hverju sinni til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

8. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

9. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn vatnsveitu Vesturbyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu, stofngjald og heimæðargjald í Vesturbyggðar nr. 1175/2015.

Vesturbyggð, 8. desember 2016.

Friðbjörg Matthíasdóttir bæjarstjóri.